

Mál nr. 169/2013**M****og****vátryggingafélagið X v/ innbúskaskóliðar í fjölskyldutryggingu.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna skemmda helluborði og rúðutjóns.****Gögn.**

75. Málskot, móttækið 30.4.2013, ásamt fylgigögnum.

76. Bréf X, dags. 10.5.2013, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 28.3.2012 varð maki M fyrir því að hrasa á eldhúsgólfi á heimili þeirra en við það rakst pottur í helluborð sem brotnaði. Sama dag var M að leik með körfubolta utandyra ásamt syni sínum og kastaði boltanum í gluggarúðu í húseign þeirri sem fjölskyldan býr í samkvæmt því sem ráðið verður af gögnum málsins, en við það brotnaði rúðan.

M hefur krafist bóta úr innbúskaskólið fjölskyldutryggingar sinnar hjá X vegna þessara tjónstílvika. X hefur á hinn bóginn hafnað bótaskyldu úr vátryggingunni.

Álit.

Samkvæmt 1. gr. skilmála fyrir innbúskaskó í fjölskyldutryggingu hjá X tekur vátryggingin til almenns innbús og persónulegra muna sem fylgja almennu heimilishaldi, sbr. gr. 1.1.1 í innbúskafli í heimilistryggingu fjölskyldutryggingarinnar. Í vátryggingarskilmálum X er ekki skilgreint sérstaklega hvað telst vera almennt innbú. Jafnvel þótt helluborð kunni að teljast til fylgifyrirlægs fasteigna og sé af þeim sökum meðal lausafjármuna sem lögbundin brunatrygging húsa tekur til útilokar það ekki að helluborð teljist einnig til almenns innbús samkvæmt innbústryggingunni. Þar sem skilmálar innbústryggingar X taka ekki af öll tvímæli í þessum efnum verður ekki hjá því komist að telja helluborð til almenns innbús sem vátryggingin tekur til og þar sem ekki verður séð að tjónið á helluborðinu fái bætt úr heimilis- eða farangurstryggingu í heimilistryggingunni verður að telja það bótaskyldt úr innbúskaskólið fjölskyldutryggingarinnar.

Á hinn bóginn var rúða sú sem M braut hluti af fasteigninni og telst því ekki hafa verið meðal almenns innbús í innbúskafli í heimilistryggingu fjölskyldutryggingarinnar. Tjón vegna rúðubrotsins fæst því ekki bætt úr téðum innbúskaskólið fjölskyldutryggingarinnar.

Niðurstaða.

M á rétt á bótum vegna tjóns á helluborði hjá X. Tjón vegna rúðubrots bætist hins vegar ekki.

Reykjavík, 28. maí 2013.

Póra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.